

Ísafjarðarbær  
B.t. skipulagsfulltrúa  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

17148-002

2021-01-04

1

## Efni: Skipulagsgerð vegna tengivirkis í Breiðadal

Landsnet áformar að reisa yfirbyggt tengivirki í Breiðadal sem skal leysa núverandi tengivirki af hólmi. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Fyrirhugað tengivirki verður staðsett við hlið núverandi tengivirkis sem stendur á sameiginlegri lóð Landsnets og Orkubús Vestfjarða úr landi Veðrarár-Ytri. Um er að ræða allt að 130 m<sup>2</sup> byggingu sem verður um 8 m á hæð, með áherslu á snyrtilega ásýnd. Í kjölfar gangsetningar nýs tengivirkis verður núverandi tengivirki tekið niður. Framkvæmdin verður unninn í samstarfi við Orkubú Vestfjarða. Einnig verður leitað samráðs við Vegagerðina vegna nálægðar við þjóðveg auk annarra hagsmunaaðila.

Tengivirkið í Breiðadal er innan iðnaðarsvæðis i6 samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Svæðið er 1,7 ha að stærð og skilgreint sem afhendingarstaður fyrir raforku, með útmötun um 12 GWh á ári. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir óbreyttri notkun en svigrúmi til endurbóta. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika svæðisins. Í aðalskipulaginu er einnig tilgreint að bætt afhendingaröryggi raforku sé forgangsmatið.

Landsnet telur að allar meginforsendur framkvæmdarinnar liggi fyrir í gildandi aðalskipulagi, svo sem endurbætur til að auka afhendingaröryggi raforku og áhersla á snyrtilega ásýnd.

Fyrir hönd Landsnets er óskað eftir heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Virðingarfyllt, f.h. Verkís hf.

Erla Bryndís Kristjánsdóttir